

Nd. 418. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi 1960—1961.)

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

- e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna, allt að kr. 350 000 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 5/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1956 var fjármálaráðherra heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lána allt að 200 millj. krónur vegna 10 ára áætlunarinnar. Á árunum 1956—1959 urðu miklar hækkanir á vöruverði og kaupgjaldi. Þegar þar við bættist breyting á gengisskráningu hinnar íslensku krónu, er gekk í gildi á s. l. ári, var augljóst, að hækka yrði lántökuheimildirnar allmikið. Heimildirnar samkvæmt lögum nr. 5/1956 eru nú því nær fullnotaðar, en ætla má, að 150 millj. króna hækkan, sem farið er fram á samkvæmt frumvarpi þessu, muni nægja til loka ársins 1963.